



STARFSSKÝRSLA 2008 TIL 2009



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

**STARFSSKÝRSLA
2008-2009**



Umsjón: Hrafn Magnússon

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi ehf

Hönnun: Hvíta húsið

Kápu mynd: Strákarnir okkar

Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson bls. 4, aðrar myndir Jóhannes Long

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	6
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	9
Fréttatilkynning LL frá 7. október 2008	10
Bréf til stjórnvalda vegna gjaldmiðlasamninga, dags. 24. október 2008	11
Breytingar á lífeyrissjóðalögunum	13
Samkomulag vegna greiðslujöfnunar á fasteignalánum	14
Samkomulag um úrræði vegna greiðsluferfiðleika	15
Tímabundin útgreiðsla séreignarsparnaðar	16
Samspil bóta lífeyrissjóða og almannatrygginga	17
Samskipta- og siðareglur	18
Erlent samstarf	19
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	20
Ársreikningur 2008	
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	23
Áritun óháðs endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur ársins 2008	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit árið 2008	28
Skýringar	29

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2008 er eitt erfiðasta ár í starfsemi íslenskra lífeyrissjóða frá upphafi. Hrun þriggja stóru viðskiptabankanna í október á síðasta ári og afleiðingar þess á starfsemi fjölmargra fyrirtækja koma sífellt betur í ljós.

Aðdragandinn að banka-hruninu hér á landi var ekki langur. Óveðursblikur höfðu verið á lofti á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum

um nokkurt skeið og mátti sjá afleiðingar þeirra í slakri ávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2007. Á sama hátt var ljóst fram eftir árinu 2008 að afkoma lífeyrissjóðanna yrði áfram slök, þar sem innlend og erlend hlutabréf í eigu sjóðanna héldu áfram að lækka. Gengi krónunnar hafði lækkað umtalsvert í mars 2008, en steininn tók úr í aðdraganda bankahrunsins og þegar Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing banki voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu í byrjun október s.l. Bein tengsl voru á milli falls viðskiptabankanna og hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem nú skekur heimsbyggðina. Engu að síður hafa afleiðingarnar orðið mun alvarlegri fyrir okkar fámenna þjóðfélag, en meðal milljónaþjóða sem nú glíma við vandann. Fylgífiskur þessa alvarlega ástands er stóraukin verðbólga, margföldun atvinnuleysis og mikil skuldaaukning hjá fólki og fyrirtækjum.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun lífeyrissjóðanna hafi verið neikvæð um 21,5% að meðaltali á árinu 2008, en verðbólga á sama tímabili var 16,4%. eru þetta gríðarleg umskipti frá síðustu árum.



Bein afleiðing af hruni á innlendum fjármálamarkaði síðasta haust og áhrifin sem því fylgdi í kjölfarið var að úrvalsvísitala Kauphallarinnar féll um 94,5%. Starfsemi Kauphallarinnar á Íslandi er því ekki nema svipur hjá sjón frá því sem var og óljóst með framhaldið.

Helstu hlutabréfavitölur í Bandaríkjunum lækkuðu mikið á liðnu ári. Bandaríska S&P500 hlutabréfavíðalan lækkaði um rúm 38% í dollurum og Heimsvísitala Morgan Stanley lækkaði um 41%, en hún er helsti mælikvarði á breytingar á hlutabréfamörkuðum í heiminum. Áhrifin af þessum lækkunum koma ekki fram með sama hætti hér á landi vegna 45% lækkunar á gengi íslensku krónunnar á síðasta ári gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Þrátt mikla eignarýrnun lífeyrissjóðanna af völdum falls bankanna og lækkandi eignaverði þeirra á síðasta ári, þá áætla Seðlabanki Íslands að heildareignir sjóðanna hafi einungis rýrnað um 3% á árinu. Heildareignir lífeyrissjóðanna í lok síðasta árs eru áætlaðar 1.644 milljarðar en voru 1.697 milljarðar í árslok 2007. Þessar tölur gefa ekki raunsanna mynd af eignarýrnun sjóðanna vegna mikillar innlendrar verðbólgu. Eignarýrnun lífeyrissjóðanna á síðasta ári kemur skýrt fram í rúmlega 20% neikvæðri raunávöxtun þeirra á árinu og má ætla að það hlutfall gefi glögga mynd að stöðu sjóðanna í árslok 2008.

Fjármálakreppan hefur leitt til mikilla breytinga á fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í bankainnistæðum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánum. Aftur á móti hafa heildareignir sjóðanna í innlendum hlutabréfum rýrnað um 90%, að mestum hluta vegna falls bankanna. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna umreiknaðar í íslenskar krónur voru aftur á móti mjög svipaðar í ársbyrjun og árslok 2008.

Þegar Landssamtök lífeyrissjóða héldu ársfund sinn á síðasta ári gat engum komið til hugar að innan við fimm mánuðum síðar væru þrjár stóru viðskiptabankarnir allir fallnir og nokkur önnur stór fyrirtæki að fara á hliðina í kjölfarið. Starfsemi Landsamtaka lífeyrissjóðanna hefur allt frá yfirtöku ríkisins á Glitnis banka í lok september s.l. markast að verulegu leiti að því sem þá gerðist og því sem fylgdi í kjölfarið. Gríðarleg vinna hefur farið fram á vettvangi LL með lífeyrissjóðunum sem miðar að því að gæta hagsmuna sjóðanna í því umróti sem fylgdi falli



bankanna. Stjórnvöld óskuðu eftir aðkomu lífeyrissjóðanna við upphaf bankakreppunnar með það í huga að sjóðirnir flyttu heim verulegan hluta af erlendum eignum sínum og var tekið vel í þá málaleitan að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ekki reyndi þó á þetta, þegar í ljós kom að vandi fjármálfyrirtækjanna var mun meiri en reiknað hafði verið með.

Eitt mál öðrum fremur hefur tekið mikinn tíma í samskiptum LL og lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, Fjármálaeftirlitið og skilanefndir gömlu bankana. Flestir lífeyrissjóðirnir höfðu um nokkurt árabíl verið með gjaldmiðlavarnarsamninga við bankana. Þessir samningar hafa þann tilgang að draga úr sveiflum á erlendum eignum sjóðanna og var hægt að framlengja þá eftir þörfum í viðkomandi banka. Þegar bankarnir fóru á hliðina voru þessir samningar komnir í neikvæða stöðu vegna falls krónunnar í aðdraganda bankahrunsins. Þegar bönkunum var skipt upp í lok október sl. voru þessir samningar ásamt fjölmörgum öðrum eignum og skuldum þeirra skildir eftir í gömlu bönkunum.

Gömlu bankarnir hafa ekki nokkra burði til þess að þjónusta þessa samninga og ekki var lagt í það að færa þá yfir í nýju bankanna m.a. vegna gjaldeyrisskorts. Á sama tíma áttu lífeyrissjóðirnir miklar fjárhæðir í bankaskuldabréfum sem einnig voru skilin eftir í gömlu bönkunum. Viðræður hafa staðið um úrlausn þessara mála með hléum allt frá miðjum október í fyrra, en án þess að tekist hafi að finna ásættanlega lausn. Unnin hafa verið sérfræðiálit og skýrslur vegna málsins á vegum LL og einstakra lífeyrissjóða.



Ekki er fyrir séð hvort þessi mál endi fyrir dómstólum. Lífeyrissjóðirnir lögðu fram sáttaboð í lok síðasta árs sem gerði ráð fyrir skuldajöfnun vegna skuldabréfa og greiðslu mismunar sem miðar við stöðu neikvæðra samninga við fall bankanna. Það er mjög mikilvægt fyrir alla aðila að hægt verði að ljúka þessu máli sem fyrst. Óvissan gerir lífeyrissjóðunum illfært að koma að stofnun og fjármögnun Endurreisnarsjóðs Íslands sem er mikilvægur liður í uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Af öðrum málum sem LL hefur komið að eru viðræður við fulltrúa Tryggingastofnunar um að draga úr gagnkvæmum skerðingum bóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóðanna. Þessar viðræður voru komnar vel á veg í september sl., en vegna gjörbreyttra aðstæðna í fjármálum hins opinbera hefur reynt nauðsynlegt að nálgast málið með öðrum hætti. Þessum viðræðum er ekki lokið. Ein af afleiðingum efnahagskreppunnar og aukins atvinnuleysis er fjölgun öryrkja. Stofnun og starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna leiðir til að draga úr fjölgun öryrkja með markvissari úrræðum í endurhæfingarmálum í samvinnu við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Starfsendurhæfingarsjóður hefur nýlega hafið starfsemi og sama gildir um miðstöðvar á höfðuborgarsvæðinu og senn í stærstu byggðarlögum öllum landshlutum. Gert er ráð fyrir fjárhagslegri aðkomu flestra lífeyrissjóða að verkefninu í ársbyrjun 2010. Þá er starfandi nefnd á vegum félagsmálaráðherra sem LL hefur fulltrúa í, en hlutverk hennar er að gera tillögur að endurskoðun og einföldun almannatryggingakerfisins. Þess er að vænta að tillögur nefndarinnar verði lagðar fram síðar í þessum mánuði.

Heildareignir íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu eru meðal þeirra hæstu í heimi þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins og gríðarlega erfiðleika sem hafa fylgt í kjölfarið. Nú er áætlað er hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 112% af vergri landsframleiðslu í árslok 2008 og hafi fallið úr 130% af sömu viðmiðum árið áður.

Landsamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir fjölmörgum fundum á starfsárinu en mesti þunginn í fundarhöldum hefur tengst hruni viðskiptabankanna, gjaldmiðlavarnarsamningum, breytingu á lögum um starfsemi lífeyrissjóða, útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar og fjárfestingatækifærum lífeyrissjóða við gjörbreyttar og þrængri aðstæður á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

Arnar Sigurmundsson



AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 15. maí 2008. Þórunn Sveinbjörnsdóttir stjórnari fundi en fundarritari var Sigurbjörn Sigurbjörns-son.

Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins flutti erindi sem nefnist „Fyrst er að safna, svo er hægt að eyða“ og Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbanka Íslands flutti erindi sem nefnist „Þróun og horfur á verðbréfamörkuðum.“

Úthlutað var rannsóknarstyrk Landssamtaka lífeyrissjóða. Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar, afhenti Ólafi Ísleifssyni 1.000.000 kr styrk sem hann fékk úthlutað vegna doktorverkefnis hans um íslenska lífeyrissjóðakerfið. Gert er ráð fyrir að verkefnið fái birtingu og athygli innanlands sem erlendis. Jafnframt var Rafni Sigurðssyni afhentur styrkur 400.000 kr vegna verkefnis sem fjallar um ávöxtun og aldursamsetningu lífeyrissjóða.

Arnar Sigurmundsson, formaður LL, flutti skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári. Í máli Arnars kom fram að raunávöxtun lífeyrissjóðanna í fyrra sé áætluð 0,5% að meðaltali og séu það mikil umskipti frá síðustu árum.

Eftir ágætt ár á íslenska hlutabréfamarkaðinum á árinu 2006 þegar OMX Úrvalsvísitalan hækkaði um 15,8% lækkaði vísitalan í fyrra um 1,4% frá upphafi til loka ársins og lauk þar með samfelldu 6 ára hækkunarferli innlenda hlutabréfamarkaðarins.

Mestu munar um lækkun bankanna og fjárfestinga-félaganna en þessi fyrirtæki vega um 91% af vísitölunni. Árið 2007 byrjaði vel og hækkaði vísitalan nær samfellt fram í miðjan júlímánuð, þegar húsnæði var í hæstu hæðum og hafði hækkað um 41% frá áramótum. Samfelld lækkunarhrina á innlendum hlutabréfamarkaði samfara miklum óróleika á erlendum fjármálamörkuðum, sem rætur sínar átti að rekja til áhættusamra húsnæðislána í Bandaríkjunum einkenndi svo síðasta ársfjórðunginn á árinu 2007.

Um 10% aukning varð á eignum lífeyrissjóðanna á síðasta ári samanborið við eignir sjóðanna í árslok 2006. Heildareignir námu alls rúmlega 1.647 milljarða króna í lok desember s.l. miðað við 1.501 milljarða króna í árslok 2006. Aukningin nemur því um 146 milljarða króna.

Miklar breytingar og sviptingar hafa verið á verðbréfa-



Ungur nemur gamall temur.

mörkuðum á árinu 2008. Gengi íslensku krónunnar veiktist um hvorki meira eða minna en 23% á fyrsta ársfjórðungi ársins. Fram kom í máli Arnars að gengi krónunnar ráðist nú alfarið af ástandi fjármálamarkaða og hefur að mestu aftengst grundvallarpáttum í íslenskum þjóðarbúskap. Skýrast vitnisburðurinn um breytta tíma var hækkun á gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um niðurskurð þorskveiðiheimilda sumarið 2007. Þá ræðst gengi krónunnar einnig af áhuga erlendra spákaupmanna á vaxtamunarviðskiptum.

Ljóst er að íslensku bankarnir eiga við mikinn vanda að stríða, sem m.a. kemur fram í því að skuldatryggingarálag þeirra hefur aukist mjög mikið. Þessi óvissa um á fjármálamörkuðum, samfara lausafjárþurrð hefur haft í för með sér að gengi bankanna í Kauphöllinni hefur lækkað umtalsvert. Ljóst er að árið 2008 verður ár mikilla sviptinga í efnahagslífi okkar Íslendinga og reyndar ekki síður út í hinum stóra heimi. Hvernig íslensku lífeyrissjóðum mun reiða af í þessum ólgusjú efnahagsmála er erfitt um að spá. Lækkun innlendra og erlendra hlutabréfa, skuldatryggingaálag bankanna og aðrir óvissuþættir skipta þó miklu máli þegar upp er staðið og árið verður gert upp. Þá skiptir sköpum hvernig til hefur tekist á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum.

Þá vék Arnar að nýgerðum kjarasamningum aðila vinnu- markaðarins um stofnun sérstaks Endurhæfingarsjóðs. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir á samningsviði ASÍ og SA greiði til Endurhæfingarsjóðs frá ársbyrjun 2010 sama hlutfall af launastofni og launagreiðendur. Þá liggur einnig fyrir að ríkissjóður leggi sjóðnum til sömu upphæð og launagreiðendur. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að ASÍ og SA leiti leiða til þess að aðrir lífeyrissjóðir greiði til Endurhæfingarsjóðs, eftir því sem við á, þannig að full framlög fái til sjóðsins vegna þeirra einstaklinga sem endurhæfingargjald er greitt af.

Stjórn LL styður stofnun Endurhæfingarsjóðsins og telur í því sambandi nauðsynlegt að gera ráð fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna við undirbúningsvinnu að stofnun og starfsrækslu sjóðsins. Miklu skiptir að vel takist til með starfsemi Endurhæfingarsjóðs, en tilgangur með starfsemi hans er að stórefla starfsendurhæfingu í landinu með markvissum aðgerðum og koma fólki á ný til starfa eins fljótt og mögulegt er og áður en fólk festist í örorku sem illmögulegt hefur reynst mörgum að losna undan.

Landsamtök lífeyrissjóða stóðu fyrir fjölmörgum fræðslufundum á starfsárinu um margvíslegt málefni er varða starfsemi sjóðanna. Síðbreytilegt starfsumhverfi kallar á öflugt og fjölþætt starf Landsamtakanna og um leið náið samstarf við lífeyrissjóðina í landinu. Eitt er sá þáttur sem vegur þungt í starfi samtakanna, en það eru samskipti við stjórnvöld og Alþingi þar sem fjallað er um starfsumhverfi

lífeyrissjóðanna. Á vegum LL hafa verið starfandi sérstakir starfshópar sem hafa fjallað um einstök málefni.

Á stefnumótunarfundi stjórnar sem haldinn var í lok janúar á þessu ári var farið sérstaklega yfir þessi mál. Í framhaldinu voru myndaðir nokkrir vinnuhópar sem fjalla um afmörkuð málefni. Einn þessara hópa fjallar um samspil bótagreiðslna almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna. Hópnun er falið að koma með tillögur sem miða að því að brjótast út úr þeirri vonlausu stöðu víxlverkunar og gagnkvæmrar skerðingar bóta almannatrygginga og lífeyrissjóða. Þá var hópnun einnig falið að leggja fram hugmyndir sem miða að einföldum lífeyriskerfisins. Á sama tíma er einnig starfandi sérstök verkefnastjórn á vegum félagsmálaráðherra um endurskoðun Almannatryggingakerfisins. Það er mjög að hinu góða að lífeyrissjóðirnir og viðkomandi stjórnvöld skuli samtímis leggja mikla vinnu í það brýna verkefni að draga úr gagnkvæmum skerðingum bóta, en þessi mál hafa í gegnum tíðina skaðað ímynd lífeyriskerfisins.

Að endingu þakkaði Arnar Margeiri Daníelssyni, sem nú lætur af stjórnarstörfum, en hann hefur átt sæti stjórn LL frá stofnun samtakanna í desember 1998. Voru Margeiri færðar innilegar þakkir fyrir giftudrjúg störf í þágu samtakanna. Þar stóð Margeir í fremstu víglínu og stýrði auk þess stórum lífeyrissjóði með sóma á tímum mikilla umbreytinga í íslensku atvinnu- og fjármálalífi.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, gerði grein fyrir ársreikningi samtakanna fyrir árið 2007 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lagðar voru fram nokkrar breytingar á samþykktum LL, sem aðallega fólust í því að lagt var til að fulltrúaráð samtakanna yrði lagt niður. Ástæðan fyrir þeirri tillögu er einkum sú að frá því Landsamtökin lífeyrissjóða voru stofnuð, fyrir tæpum áratug, hefur lífeyrissjóðum fækkað um tæplega þrjátíu. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

Lögð var fram tillaga umkosningu í aðalstjórn og vara- stjórn. Eftirtaldir voru kjörnir sem aðalmenn til tveggja ára í stjórn: Arnar Sigurmundsson, Friðbert Traustason, Guðrún Guðmannsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson. Var- menn til eins árs voru kosnir þau Arnaldur Loftsson, Björn Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Jón G. Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson, Sigurbjörg Björnsdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Stefán Halldórsson.


Tekin var ákvörðun um þóknun aðalmanna og var- manna í stjórn og um árgjald til samtakanna. Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2008 var fundið slitið.

HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

HLUTVERK SAMTAKANNA ER:

- Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samtökunum.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þess og tilgangi.

Útlán og verðbréfaeign lífeyrissjóða 1999–2008



STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Arnar Sigurmundsson, *formaður*
 Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*
 Friðbert Traustason
 Guðrún Guðmannsdóttir
 Gunnar Baldvinsson
 Gunnar Páll Pálsson
 Þorbjörn Guðmundsson og
 Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Vararstjórnin er þannig skipuð: Arnaldur Loftsson, Björn Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Jón G. Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson, Sigurbjörg Björnsdóttir, Sigurbjörn Sigurbjörnsson og Stefán Halldórsson.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 14 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykka samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Fræðsluvefur LL er með vefslóðina <http://www.gottadvita.is>.

Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Talið frá vinstri neðri röð: Elsa B. Friðfinnsdóttir, Arnar Sigurmundsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Efri röð frá vinstri: Gunnar Baldvinsson, Hrafn Magnússon, Friðbert Traustason, Þorbjörn Guðmundsson og Gunnar Páll Pálsson. Á myndina vantar Guðrúnu Guðmannsdóttur og Hauk Hafsteinsson.

FRÉTTATILKYNNING LL FRÁ 7. OKTÓBER 2008

Fjallað var ítarlega um nýsamþykkt lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamörkuðum á fundi stjórnar og varastjórnar Landsamtaka lífeyrissjóða í dag. Forystusveit samtakanna hefur skilning á að ríkisstjórnin hafi séð sig knúna til að grípa til lagasetningar og tilheyrandi ráðstafana, enda hafi í raun blasað við neyðarástand að óbreyttu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fjölskyldur, fyrirtæki og allt fjármála- og efnahagskerfi landsmanna.

Landsamtök lífeyrissjóða sjá ástæðu til að áréttta eftirfarandi:

1. Lífeyrissjóðir tóku vel í tilmæli ríkisstjórnar í fyrri viku um að taka þátt í umfangsmiklum aðgerðum í efnahags- og fjármálalífi með því að flytja allt að helming erlendra eigna sinna til landsins til að styrkja íslenska krónu. Engir samningar þar að lútandi hafa hins vegar átt sér stað, enda varð ljóst um helgina að umfang aðsteðjandi vanda væri slíkt að kallaði á mun víðtækari og alvarlegri viðbrögð stjórnvalda en talað hafði verið um áður.
2. Ef ríkisstjórnin sér ástæðu til að taka þennan þráð upp við lífeyrissjóðina á nýjan leik mun forystusveit Landsamtaka lífeyrissjóða fjalla um erindið í ljósi þess að allar aðstæður hafa gjörbreytst með neyðarlögunum frá Alþingi og afleiðingum þeirra. Lífeyrissjóðir áskilja sér þannig allan rétt til að fjalla um málið á nýjum forsendum og komast að niðurstöðu í samræmi við þær.
3. Engum dylst að íslensk þjóð glímir við mikinn vanda og lífeyrissjóðir, líkt og aðrir, taka þátt í aðgerðum sem miða að því að komast út úr þrengingunum. Landsamtök lífeyrissjóða beina því þannig til stjórnar og stjórnenda lífeyrissjóða í landinu að koma til móts við lántakendur eins og aðstæður leyfa hverju sinni.
4. Fyrir liggur að ástandið á fjármálamörkuðum og neyðarlögin frá Alþingi hafa áhrif á lífeyrissjóðina líkt og á öll heimili og fyrirtæki landsins. Ljóst er að eignir lífeyrissjóða rýrna við þessar aðstæður. Rétt er að halda því til haga að lífeyrissjóðir hafa aukið lífeyrisréttindi verulega á undanförunum árum. Allt bendir hins vegar til þess að aðstæður nú leiði til þess að grípa þurfi til skerðingar lífeyrisréttinda sem kæmi þó ekki til framkvæmda fyrr en á fyrri hluta árs 2009.



Auðlind.

BRÉF TIL STJÓRNVALDA VEGNA GJALDMIÐLA-SAMNINGA, DAGS. 24. OKTÓBER 2008

Með setningu neyðarlaga vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði og yfirtöku ríkisins á viðskiptabönkunum þremur hefur mikil óvissa skapast um endanlegt uppgjör á ýmsum fjármálagerningum sem íslenskir lífeyrissjóðir hafa gert við bankana, svo sem gjaldmiðlasamningum og skuldabréfum. Forystusveit Landssamtaka lífeyrissjóða fundaði í þessu sambandi 9. og 17. október með fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra og í gær 23. október með sérstökum vinnuhópi skipuðum fulltrúum fjármálaráðuneytis og FME.

Hagsmunir lífeyrissjóða – hagsmunir almennings

Það er ljóst að lífeyrissjóðir og allt þjóðarbúið hafa mikla hagsmuni af því að lágmarka tap sjóðanna sem blasir við eftir hrun bankakerfisins.

Með setningu neyðarlaga hefur verið markaður ákveðinn vegvísir að því hvernig hagsmunir Íslands og almennings verði teknir fram yfir aðra hagsmuni. En neyðarlögin leiða einnig til þess að frjáls sparnaður er tekinn fram yfir skyldusparnað, sem er mjög mikilvægt að hafa í huga þegar endanlegt uppgjör fer fram.

Lífeyrissjóðir munu gegna mikilvægu hlutverki í þeirri efnahagsuppbyggingu sem framundan er. Það er því eðlileg krafa af hálfu lífeyrissjóðanna að eignarýrðun þeirra verði lágmarkuð eins og frekast er kostur. Með því móti verði fjárfestingageta innanlands hámarkuð með almannahagsmunum í huga.

Markaðsbrestur á gjaldeyrismarkaði

Aðdragandi að veikingu krónunnar á árinu 2007 og í ársbyrjun 2008 er að mestu eðlilegur (aukin verðbólga, viðskiptahalli og mikil erlend skuldsetning), en óhætt er að fullyrða að markaðsbrestur hafi átt sér stað um miðjan mars 2008 þegar vaxtamunur nánast hvarf á gjaldeyrisskiptamarkaði.

Viðskiptabankarnir höfðu byggt upp mikinn gjaldeyrisforða sem í upphafi var réttlættur sem gengisvörn á eigið fé, sem óneitanlega reyndi á þolrif gjaldeyrismarkaðarins. Bankarnir voru í markaðsráðandi stöðu gagnvart öðrum þátttakendum á markaði. Skilin milli stöðutöku bankanna og varnar á eign fé hafa verið óljós, sérstaklega á árinu 2008. Tölur úr ársreikningum bankanna benda til þess að gjaldeyrisforði hafi í einhverjum tilvikum verið orðinn mun meiri en sem nam eigin fé þeirra, þrátt fyrir skýrar reglur Seðlabankans um gjaldeyrissjöfnuð bankanna.

Þegar nær dregur hrúni bankanna verður markaðsbresturinn alger, krónan veikist með ofsafengnum hætti í litlum viðskiptum. Bankarnir hörfa frá markaðnum og verðmyndum verður engin eða mjög óljós. Gjalddeyrismarkaður og greiðslumiðlun er í lamasessi og í reynd ríkja gjaldeyrishöft. Það getur því ekki talist sanngjarnt, og hugsanlega ekki lögmætt (forsendubrestur og ómöguleiki) að krefjast þess að loka afleiðusamningum á núverandi gengi krónunnar.

Það er hvorki réttmætt né sjálfgefið að fjármálastofnun



Heiðavatn.

geti einhliða ákvarðað lokunargengi á tilteknum fjármála-
gerningi þegar markaðsbrestur ríkir eða raunhæft viðmið-
unargengi á markaði er óljóst eða óákvarðanlegt. Hér má
vísa í alþjóðlega staðla um afleiðuviðskipti (ISDA).

Bakgrunnur og afdrif afleiðusamninga

Íslenskir lífeyrissjóðir hafa um nokkurra ára skeið nýtt sér
þjónustu viðskiptabankanna sem felst í miðlun á afleiðu-
samningum á gjaldeyri, sem ætlað er að verja sjóðina
fyrir gengisáhættu í tengslum við ört vaxandi eignasafn
erlendis. Um var að ræða virka stýringu sem úthýst var til
bankanna, en einnig eigin stýringu lífeyrissjóða. Við hrun
bankanna eru þeir ófærir um að veita umrædda þjónustu.
Samningar um gjaldeyrisvarnir og afleiður sem gerðar eru
í tengslum við þá samninga eru eingöngu gerðir í þeim
tilgangi að verja áhættu lífeyrissjóðanna, en ekki í hagn-
aðarskyni.

Eftir að skilaneindir tóku yfir stjórnun bankanna þriggja
og eiginlegur gjaldeyrismarkaður var nánast tekinn úr
sambandi hefur ríkt mikil óvissa um stöðu íslenskra líf-
eyrissjóða og þá ekki síst vegna þeirrar óvissu sem ríkir
um frágang gjaldeyrisvarna sjóðanna sem nú hvílir hjá
gömlu bönkunum. Það er ljóst að við núverandi mark-
aðsaðstæður er ómögulegt fyrir báða aðila að halda þeim
uppi samkvæmt efni þeirra. Þeim deildum bankanna sem
héldu utan um gjaldeyrisstýringu lífeyrissjóðanna hefur í
mörgum tilvikum verið lokað, höft eru á gjaldeyrisflut-
ningum og verðmæti íslensku krónunnar gagnvart öðrum
gjaldmiðlum er óljóst. Það er því ljóst að við núverandi
aðstæður er ekki hægt að framlengja þá samninga sem
komnir eru á gjalddaga og nánast útilokað að gera þá upp
við núverandi aðstæður án þess að verulega halli á stöðu
lífeyrissjóða með ósanngjörnum og óeðlilegum hætti. Ef
samningum verður ekki vikið til hliðar eða þeir felldir niður
er ljóst að gömlu bankarnir eiga þá kröfur á íslensku lífeyr-
issjóðina um uppgjör en á móti eiga lífeyrissjóðirnir kröfur
á bankana vegna skuldabréfa sem þeir hafa gefið út og
beita má til skuldajöfnunar.

Rök fyrir lægra lokunargildi

Íslenskir lífeyrissjóðir hafa mikla hagsmuni af því að sann-
gjörn lausn fái sem allra fyrst í þeim málum er varða

gjaldmiðlasamninga. Lífeyrissjóðirnir, eignir þeirra og vöxt-
ur, verða einn af hornsteinum uppbyggingar íslensks
efnahagslífs í framtíðinni. Miklu máli skiptir að sanngjörn
niðurstaða fái fyrir lífeyrissjóðina og ríkissjóð, þar sem
skerðing lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna leiðir til hærri
greiðslna frá almannatryggingum.

Sá markaðsbrestur sem tók að myndast á gjaldeyrismark-
aði hérlendis snemma á þessu ári og kom endanlega fram
nú í október hefur leitt til þess að forsendur hafa brostið
fyrir því að halda gjaldmiðlasamningum opnum.

Gömlu viðskiptabankarnir þrír eru ófærir um að mæta
réttindum og kröfum lífeyrissjóðanna á grundvelli ýmissa
afleiðusamninga sem í gildi eru og eru með gjalddaga
síðar á þessu ári og fyrri hluta næsta árs.

Meðalgengi á skráðu gengi gengisvísitölu krónunnar
(GVT) skv. Seðlabanka Íslands er 141 sl. 12 mánuði. Geng-
isvísitalan undanfarna daga hefur verið um 200 og alger-
lega óraunhæft er að loka afleiðusamningum á slíkum
gildum. Ef horft er lengra fram í tímann má búast við því
að gengi krónunnar styrkist. Raungengi krónunnar er langt
undir langtíma meðaltali og allar líkur á að slíkt ójafnvægi
vari ekki til lengri tíma litið. Það er mat lífeyrissjóðanna að
gengisvísitalan geti nálgast jafnvægisgengi á bilinu 140 til
150 á næstu misserum, þó svo að tímabundin veiking sé
ekki útilokuð vegna þess óvissuástands sem nú ríkir.

Tillaga lífeyrissjóða að samningsgrundvelli

Lífeyrissjóðirnir fara fram á að gjaldmiðlasamningar þeirra
við Glitni banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþing
banka hf. sem voru í gildi þegar skilaneindir tóku yfir stjórn
þeirra og markaður með gjaldeyri brast endanlega verði
felldir niður eða þeim vikið til hliðar í heild sinni án þess að
kröfur myndist á milli aðila.

Verði ekki fallist á þessa tillögu lífeyrissjóðanna um
að víkja samningunum til hliðar að fullu er farið fram á
að gengið verði til uppgjors, þannig að miðað verði við
gengisvísitölu 140-150. Slík lausn er sanngjörn fyrir báða
aðila, annars vegar með hliðsjón af almannahagsmunum
og hins vegar með tilvísun í alvarlegan markaðs- og for-
sendubrest.

Að lokum skal áréttað að lífeyrissjóðirnir eru í hópi
stærstu kröfuhafa gömlu viðskiptabankanna.

BREYTINGAR Á LÍFEYRISSJÓÐALÖGUNUM

Í lok síðasta árs voru samþykktar nokkrar veigamiklar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Margar þessara breytinga voru samþykktar að tilstuðlan Landssamtaka lífeyrissjóða.

Helstu breytingar laganna eru þessar:

- Þeim sem náð hafa 60 ára aldri er heimilt að taka út séreignarsparnað sinn í einu lagi í stað þess að dreifa greiðslu á sjö ár eins og nú er.
- Ekkert aldurshámark er á því hvenær einstaklingur getur hafið töku lífeyris. Í gildandi lögum er það hámark bundið við 75 ára aldur.
- Lífeyrissjóður skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem staðist hefur próf í verðbréfavíðskiptum. Tekur gildi 1. janúar 2011.
- Lífeyrissjóðum er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 20% af hreinni eign sinni í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði. Umrætt hlutfall var 10%.
- Lögfestar eru samræmdar reglur um fjárfestingastefnu þeirra aðila sem hafa heimild til að taka við séreignarlífeyrissparnaði. Slíkur sparnaður var í vörslu lífeyrissjóða háður sömu takmörkunum varðandi fjárfestingar og samtryggingarsparnaður á meðan aðrir vörsluaðilar höfðu ótakmarkað frelsi til að móta fjárfestingarstefnu sína. Allir vörsluaðilar séreignarlífeyrissparnaðar verða bundnir tilteknum lágmarksskilyrðum varðandi fjárfestingar. Tekur þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 2010.
- Munur á eignarliðum og framtíðarskuldbindingum, miðað við tryggingafræðilega athugun í lok árs 2008, geti verið neikvæður um allt að 15% í stað 10%, án þess að skylt verði að skerða réttindi eða hækka iðgjald. Þetta ákvæði er sett til bráðabirgða.
- Lífeyrissjóði er heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013.



Borgarnes.

SAMKOMULAG VEGNA GREIÐSLUJÖFNUNAR Á FASTEIGNALÁNUM

Aðilar á íbúðalánamarkaði, þ.e. Landssamtök Lífeyrissjóða, Íbúðalánasjóður og Samtök fjármálafyrirtækja undirrituðu í desember s.l. samkomulag, þar sem Lífeyrissjóðir og fjármálafyrirtæki á íbúðalánamarkaði auk Íbúðalánasjóðs, samþykkja fyrirfram sem síðari veðhafar, skilmálabreytingar sem gerðar eru samkvæmt lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána einstaklinga, sem samþykkt voru nýlega á Alþingi. Tilgangur samkomulagsins er að stuðla að því að breyting á skilmálum lána vegna greiðslujöfnunar geti gengið sem hraðast fyrir sig og sé sem fyrirhafnarminnst fyrir lántaka sem óskar eftir greiðslujöfnun lána.

Ljóst er að samkomulagið nær ekki til allra kröfuhafa, en hér er um að ræða verulegan hluta fasteignalánamarkaðarins. Eftir sem áður verður þörf á undirritun þeirra

kröfuhafa sem ekki eru aðilar að samkomulaginu og sömuleiðis þeirra sem að samkomulaginu standa, ef skilmálabreyting er viðtækari en sem nemur fyrirmælum laganna, svo sem ef lán er í vanskilum og bæta þarf vanskilum við höfuðstól. Samkeppniseftirlitið hefur heimilað framangreindum aðilum á íbúðalánamarkaði að gera með sér umrætt samkomulag.

Sambærilegt samkomulag um samþykki síðari veðhafa vegna samkomulags um greiðslujöfnun gengistryggðra fasteignaveðlána var undirritað í aprílmánuði s.l.



Höfði og Esja.

SAMKOMULAG UM ÚRRÆÐI VEGNA GREIÐSLUERFIÐLEIKA

- Í byrjun apríl s.l. var undirritað samkomulag milli stjórnvalda og fulltrúa allra lánveitenda fasteignalána hér á landi um samræmd úrræði fyrir einstaklinga og heimili sem eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum.
- Samkomulagið mælir fyrir um að lánveitendur fasteignaveðlána leitist við að tryggja lántakendum sínum eftirfarandi greiðsluerfiðleikaúrræði að uppfylltum tilteknum skilyrðum:
 - *Samningar um uppgjör vanskila:* að unnt sé að semja um dreifingu á vanskilum í allt að 18 mánuði.
 - *Rýmingarfrestur í kjölfar nauðungarsölu:* að tekið verði aukið tillit til aðstæðna við rýmingu í kjölfar nauðungarsölu og veittur verði rýmingarfrestur allt að þremur mánuðum frá söludegi.
 - *Heimildir til greiðslufrestunar vegna sölutregðu:* að komið verði til móts við lántakendur sem hafa keypt fasteign en ekki getað selt fyrri eign vegna aðstæðna á fasteignamarkaði með frystingu greiðslna.
 - *Skuldbreyting vanskila:* að boðið verði upp á skuldbreytingu vanskila með því að bæta vanskilum við höfuðstól eða með því að gefa út nýtt skuldabréf eftir ákvörðun kröfuhafa.
- *Frestun á greiðslum:* að lántakandi geti óskað eftir frestun á greiðslu afborgana, að hluta eða fullu, og vaxta og verðbóta, eftir atvikum, í allt að eitt ár í senn og með möguleika á framlengingu í samtals allt að þrjú ár.
- *Lenging lánstíma:* að mögulegt verði að lengja lánstíma lána að því marki sem það getur gagnast lántakanda enda rúmist lenging lánstíma innan lánareglna viðkomandi lánveitanda.
- Samkomulagið gerir ráð fyrir að Íbúðalánasjóður veiti fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum upplýsingar og ráðgjöf um beitingu þessarar greiðsluerfiðleikaúrræða. Þau koma, eftir atvikum, til viðbótar greiðsluerfiðleikaúrræðum sem lántakendur kunna eiga rétt á samkvæmt lögum. Samkomulagið gildir til ársloka árið 2010.



Kolbeinsstaðafjall.

TÍMABUNDIN ÚTGREIÐSLA SÉREIGNARSPARNAÐAR

Samkvæmt lögum frá Alþingi, sem samþykkt voru í vor geta sjóðfélagar yngri en 60 ára nú sótt um tímabundna útgreiðslu á séreignarsparnaði sínum. Heimildin gildir frá gildistöku laganna í mars 2009 til 1. október 2010.

Helstu ákvæði laganna eru eftirfarandi:

- Heimilt er að greiða út allt að 1.000.000 kr. á 9 mánuðum eða 111.111 kr. á mánuði til sjóðfélaga.
- Greiddur er tekjuskattur af fjárhæðinni.
- Mánaðarleg útborgun eftir skatt er 69.778 kr.
- Eingöngu er heimilt að taka út hjá einum vörsluaðila í einu.
- Útgreiðslur séreignarsparnaðar skulu hefjast eigi síðar en einum mánuði eftir að fullnægjandi umsókn berst vörsluaðila og greiðist mánaðarlega.
- Vörsluaðilar þurfa samþykki ríkisskattstjóra áður en útgreiðsla getur hafist.
- Sjóðfélagi getur afturkallað beiðni um útborgun.

Rétt er að taka fram að forráðamenn lífeyrissjóðanna vörðu við því að opna of mikið fyrir þessa útgreiðslu séreignarsparnaðarins. Þannig væri ljóst að opnunin gæti leitt til þess að eignaverð lækkaði með tilheyrandi tjóni fyrir heimili og fyrirtæki. Ef vilji stjórnvalda væri engu að síður að opna á úttekt séreignarsparnaðar, væri mikilvægt að fara varlega. Forráðamenn lífeyrissjóðanna og LL lögðu til að byrja ætti á að opna sjóðina með verulegum takmörkunum og dreifa útborgunum á 12 mánuði eða lengur. Hætta væri á því að mikil opnun gerði það að verkum að sjóðirnir gætu greitt minna út heldur en ef opnað yrði fyrir útgreiðslur með verulegum takmörkunum. Skemmst er frá því að segja að stjórnvöld tóku að mestu tillit til sjónarmiða lífeyrissjóðanna í þessa veru.

Þess skal að lokum getið að þann 22. apríl s.l. höfðu rúmlega 20 þúsund manns sótt um útborgun á séreignarsparnaðinum og nam heildargreiðslan um 12,7 milljörðum króna eða um 635 þúsund kr. að meðaltali. 54% umsækjenda voru karlar og 7% útlendingar.



Í takt við tímann.

SAMSPIL BÓTA LÍFEYRISSJÓÐA OG ALMANNATRYGGINGA

Á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða hefur farið fram ítarleg skoðun á því hvaða leiðir séu færar til að brjótast út úr víxlverkun og gagnkvæmri skerðingu bóta almannatrygginga og lífeyrissjóðanna. Í viðræðum LL við forráðamenn Tryggingastofnunar ríkisins hafa margar hugmyndir verið reifaðar af hálfu beggja aðila. Af hálfu LL var í fyrstu rætt um að lífeyrissjóðirnir takmarki framreikning vegna örorkulífeyris, en í stað þess kæmu almannatryggingar til móts við yngstu aldurshópana með auknum bótagreiðslum. Lífeyrissjóðirnir hættu að taka tillit til bóta almannatrygginga við tekjuathugun örorkulífeyrisþega og á sama hátt tækju almannatryggingar ekki tillit til bóta lífeyrissjóðanna við mat á tekjum. Þar með væri víxlverkun örorkubóta almannatrygginga og lífeyrissjóða afnumin í eitt skipti fyrir öll.

Eftir frekari viðræður við forráðamenn TR þar sem reifaðar voru tillögur um endurhæfingarlífeyrir lögðu fulltrúar LL fram eftirfarandi tillögu í byrjun september s.l.

1. Lífeyrissjóðirnir hætti að taka tillit til bóta almannatrygginga við mat á tekjum örorkulífeyrisþega sjóðanna, eins og þeir gera nú, sbr. ákvæði í samþykktum sjóðanna um mat á tekjutapi. Þessi nýja framkvæmd gildi jafnt vegna þeirra sem á eftir að úrskurða með örorku hjá lífeyrissjóðunum og einnig gagnvart þeim sem nú þegar eru komnir á örorkulífeyri hjá sjóðunum. Þeir lífeyrisþegar lífeyrissjóðanna, sem komnir eru á örorkulífeyri við gildistöku samkomulags milli aðila og þess óska, geta farið á endurhæfingarlífeyri og gilda þá sömu reglur og um nýgengi væri að ræða.
2. Tryggingastofnun ríkisins taki þess í stað að sér að greiða tekjutengdan örorkulífeyri eða endurhæfingarlífeyri sem ella hefði fallið á lífeyrissjóðina alfarið fyrstu 24 mánuðina. Þessi framkvæmd ætti við um alla lífeyrisþega, hvort sem þeir eiga kost eða möguleika á starfsendurhæfingu eða ekki. Hér er einvörðungu verið að ræða um nýgengi, þ.e. þá lífeyrisþega sem koma nýir inn á endurhæfingar- örorkulífeyri Tryggingastofnunar ríkisins.
3. Að 24 mánuðum liðnum skiptist hópurinn í tvennt.
 - a) Hjá þeim lífeyrisþegum sem séð verður að ekki hafi not af starfsendurhæfingu verða lífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóðunum virk, enda hafi lífeyrisþegarnir sannarlega orðið fyrir tekjutapi, samkvæmt reglum lífeyrissjóðanna. Örorkulífeyrir verður þá reiknaðar

út í samræmi við reglur lífeyrissjóðanna, eins og þær eru á hverjum tíma, þ.e. réttindi lífeyrissjóðanna verði þá virk. Tryggingastofnun greiði hefðbundinn örorkulífeyri til þessa hóps samkvæmt sínum reglum.

- b) Aðrir bótaþegar, sem þá eru á endurhæfingarlífeyri Tryggingastofnunar, verða þar áfram þó ekki lengur en samtals 48 mánuði. Hjá þeim lífeyrisþegum, sem þá verða eftir og séð verður að ekki geta hafið launuð störf á ný að einhverju eða öllu leyti og sannarlega hafa orðið fyrir tekjutapi sökum örorkunnar, verða lífeyrisréttindi virk hjá lífeyrissjóðunum. Tryggingastofnun greiðir þá hefðbundinn örorkulífeyri samkvæmt sínum reglum til þessa hóps í stað endurhæfingarlífeyris.

4. Endurhæfingarlífeyrir verði ákveðinn sem 80% af heildarlaunum með ákveðnu þaki. Um nánari framkvæmd og fjárhæðir skal taka mið af lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof
5. Við þessa tímabundnu tilfærslu, þ.e. frá lífeyrissjóðunum til Tryggingastofnunar ríkisins, verði tryggt að lífeyrisþegar, sem ella hefðu fengið greiðslur frá lífeyrissjóðunum, verði ekki fyrir réttindamissi, þ.e. endurhæfingarlífeyrir almannatrygginga verði ekki lægri en hann hefði annars orðið miðað við þær reglur sem gilda í dag sameiginlega hjá lífeyrissjóðunum og TR.

Við kostnaðarmat á tillögum þessum kom í ljós að um verulegan kostnaðarauka yrði að ræða hjá Tryggingastofnun, næðu þessar tillögur fram að ganga óbreyttar. Þá hafa þau sjónarmið verið reifuð af hálfu fulltrúa LL að lífeyrissjóðirnir gætu ekki tekið á sig þann kostnaðarauka, sem fælist í því að hætta að taka tillit til bóta almannatrygginga nema að séð yrði að starfsendurhæfingarræði skiluðu sér í verulegri lækkun á örorkubyrði sjóðanna og að tryggt yrði að Tryggingastofnun tæki upp frítekjumark á bætur lífeyrissjóðanna.

Nú eru líkur á því að nefnd sem er að vinna að endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar muni leggja til 360.000 kr. frítekjumark á allar lífeyrissjóðatekjur, en í gildi er nú 328.800 kr. frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega. Umræður um samspil bóta lífeyrissjóðanna og almannatrygginga munu halda áfram á næstu vikum og verður vonandi hægt að ná viðunandi bráðabirgðalausn fyrir sumarið.



SAMSKIPTA- OG SIÐAREGLUR

Stjórn Landssamtaka Lífeyrissjóða ákvað í marsmánuði s.l. að skipa vinnuhóp til að fjalla um samskipta- og siðareglur lífeyrissjóða. Vinnuhópurinn hefur nú samið tillögur að slíkum reglum sem sjóðir gætu haft til hliðsjónar er þeir ákveða skipan eigin mála. Formaður vinnuhópsins var Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga.

Lífeyrissjóðum er í sjálfsvald sett hvort og hvernig þeir hafa samskipta- og siðareglur. Ekki er skylda í lögum eða reglugerðum um starfsemi lífeyrissjóða til að setja slíkar reglur. Vinnuhópurinn kaus að hafa reglurnar stuttar og afmarkaðar við tiltekið svið í starfsemi sjóðanna, en lét stjórnnum sjóðanna eftir að auka við þær eða breyta ef þurfa þykir. Reglurnar beinast að samskiptum við þjónustuaðila en ekki að eiginleikum fjárfestinganna. Vinnuhópurinn fjallaði ekki á þessu stigi um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar eða leiðir lífeyrissjóða til að hafa áhrif á stjórnun fyrirtækja.

SAMSKIPTA- OG SIÐAREGLUR STARFSMANNA [LÍFEYRISSJÓÐS] VEGNA UMSJÓNAR FJÁRMUNA OG EIGNASTÝRINGAR

Stjórn [lífeyrissjóðs] og starfsmenn hans gera sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Umsjón fjármuna og eignastýring felur í sér samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgafendur verðbréfa. [Lífeyrissjóður] leggur áherslu á að starfsmenn sjóðsins rækti slík samskipti í þeim tilgangi að vera sem best í stakk búnir til að sinna starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn. Með því er það mat stjórnar að betur takist að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.

Stjórn [lífeyrissjóðs] áréttar mikilvægi þess að slík samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggi gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Í þeim tilgangi hefur stjórn [lífeyrissjóðs] samþykkt samskipta- og siðareglur starfsmanna vegna umsjónar fjármuna og eignastýringar. Þær eru hluti af ráðningarsamningi starfsmanns. Með undirritun ráðningarsamnings skuldbindur starfsmaðurinn sig til að hlíta reglunum eins og þær eru á hverjum tíma.

1. Góðir starfshættir

Starfsmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og aðrar athafnir skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar.

Starfsmenn skulu ávallt gæta þess utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem getur vakið efa um hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd sjóðsins.

Starfsmönnum ber að forðast hvers konar hagsmunarárekstra milli starfa þeirra og annarra athafna eða tengsla við utanaðkomandi aðila.

2. Ferðalög

Eðlilegt er að starfsmenn lífeyrissjóðsins sæki kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar sem skipulagðir eru af þjónustuaðilum og til þess fallnir að afla sjóðnum upplýsinga um viðskiptatækifæri eða valkosti í eignastýringu. Efni fundanna verður að vera stutt gögnum sem eru til reiðu á fundunum. Skal gögnunum haldið til haga í minnst eitt ár.

Vettvangur fundanna ætti ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Sjóðurinn skal að jafnaði bera kostnað vegna ferða og gistingar.

Þjóði skipuleggjendur upp á útivistar- eða skemmtiatriði, svo sem íþróttar- eða menningarviðburði, í tengslum við slíka fundi skulu þeir viðburðir vera almennt viðeigandi og ganga sem minnst á hefðbundinn vinnutíma.

3. Gjafir og boð

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum lífeyrissjóðsins. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn. Einnig boð á menningar- eða íþróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, enda sé gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Sé starfsmaður í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf eða boð skal hann leita álits framkvæmdastjóra.

4. Viðurlög


Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn.

ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahags-svæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „European Federation for Retirement Provision“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemi felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökupjóða.

Í dag eiga 21 þjóð aðild að samtökunum. Þar af 16 aðildarríki Evrópusambandsins auk 5 annarra þjóða. EFRP hefur ennfremur stofnað til samstarfs við lífeyrissjóðasambönd 9 mið- og austurevrópuríkja. Helstu núverandi viðfangsefni EFRP felast m.a. í að fylgjast með vinnu við endurskoðun á tilskipun um starfsemi lífeyrissjóða og jafnframt að kanna áhrif hruns fjármálakerfisins og verðbréfamarkaða á stöðu lífeyrissjóða einstakra aðildarlanda.

Samkvæmt fréttabréfi OECD sem gefið var út í desember 2008 og fjallar um lífeyrissjóðina í ljósi fjármálakreppunnar kemur fram að í október á síðasta ári höfðu eignir lífeyrissjóða aðildarlandanna lækkað um 3,3 trilljónir dollara, eða um 20% frá árslokum 2007. Á síðasta ársfjórðungi síðasta árs héldu verðbréfamarkaðir áfram að falla og því er niðurstaða ársins heldur lakari en hér kemur fram. Ennfremur kemur fram í fréttabréfinu að þrátt fyrir að skammtímaáhrif fjármálakreppunnar séu neikvæð breyti það ekki þeirri staðreynd að lífeyrissjóðirnir eru í eðli sínu langtímafjárfestar og ávöxtunarárangur lífeyrissjóða verði að skoða í lengra tíma samhengi.



Heimild: OECD



Hestfjall í Grímsnesi.



AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2007 þús. króna	Innan LL %
Lsj. starfsmanna ríkisins	316.841.497	18,76%
Lsj. verzlunarmanna	269.069.350	15,93%
Gildi lífeyrissjóður	238.231.846	14,10%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	96.572.517	5,72%
Almenni lífeyrissjóðurinn	92.661.680	5,49%
Stapi lífeyrissjóður	91.989.502	5,45%
Stafir lífeyrissjóður	82.151.541	4,86%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	66.028.106	3,91%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	56.001.481	3,32%
Festa lífeyrissjóður	55.295.394	3,27%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	40.278.979	2,38%
Lífeyrisjóður bankamanna	38.058.605	2,25%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	30.682.913	1,82%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	29.745.140	1,76%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	28.408.507	1,68%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	27.623.814	1,64%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	23.342.919	1,38%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	23.132.282	1,37%
Lífeyrissjóður bænda	21.603.252	1,28%
Eftirlaunasjóður FÍA	15.607.557	0,92%
Lífeyrissj. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	12.954.380	0,77%
Kjölur lífeyrissjóður	10.123.620	0,60%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	5.921.818	0,35%
Lsj. Rangæinga	4.276.550	0,25%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	2.788.767	0,17%
Ls. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	2.505.080	0,15%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	2.261.717	0,13%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	2.235.587	0,13%
Lsj. Akraneskaupstaðar	1.146.206	0,07%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	761.711	0,05%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupst.	481.478	0,03%
Lsj. Neskaupstaðar	449.568	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	71.180	0,00%
Samtals í LL	1.689.304.544	100,00%

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
ÁRSREIKNINGUR 2008



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2008 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 39,8 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 53,6 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 113,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 59,5 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2009.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Arnar Sigurmundsson

Haukur Hafsteinsson

Friðbert Traustason

Guðrún Guðmannsdóttir

Gunnar Baldvinsson

Gunnar Páll Pálsson

Þorbjörn Guðmundsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reiknings-skila-aðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reiknings-skilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reiknings-skilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. mars 2009

KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2008

	Skýr.	2008	2007
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	1b	<u>39.750.270</u>	<u>39.441.900</u>
		<u>39.750.270</u>	<u>39.441.900</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	2	23.496.892	20.473.648
Annar rekstrarkostnaður	3	25.891.676	18.088.729
Afskriftir	4	<u>25.844</u>	<u>86.658</u>
		<u>49.414.412</u>	<u>38.649.035</u>
(Rekstrartap) -hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(9.664.142)	792.865
Vaxtatekjur		17.036.590	20.209.302
Arður		49.227.974	752.721
Vaxtagjöld		(2.958.424)	(9.921.883)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>63.306.140</u>	<u>11.040.140</u>
Hagnaður	6	<u>53.641.998</u>	<u>11.833.005</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2008	2007
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og innréttingar	4	<u>175.360</u>	<u>201.204</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	5	<u>682.208</u>	<u>732.208</u>
Fastafjármunir samtals		<u>857.568</u>	<u>933.412</u>
Skammtímakröfur		715.185	3.410.881
Handbært fé		123.904.539	68.806.676
Veltufjármunir samtals		<u>124.619.724</u>	<u>72.217.557</u>
Eignir samtals		<u>125.477.292</u>	<u>73.150.969</u>

31. DESEMBER 2008

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2008	2007
Eigið fé	6	<u>113.120.843</u>	<u>59.478.845</u>
SKAMMTÍMASKULDIR			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. ..		<u>5.402.959</u>	<u>9.349.460</u>
Aðrar skammtímaskuldir		<u>6.953.490</u>	<u>4.322.664</u>
Skuldir samtals		<u>12.356.449</u>	<u>13.672.124</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>125.477.292</u>	<u>73.150.969</u>



SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2008

	Skýr.	2008	2007
REKSTRARHREYFINGAR			
Hagnaður ársins	9	53.641.998	11.833.005
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	25.844	86.658
Söluhagnaður		(19.450)	0
		<u>53.648.392</u>	<u>11.919.663</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		2.695.696	(1.667.739)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		<u>2.630.826</u>	(151.009)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>5.326.522</u>	(1.818.748)
		<u>58.974.914</u>	<u>10.100.915</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Seldur eignarhlutur í öðru félagi		<u>69.450</u>	<u>0</u>
		<u>69.450</u>	<u>0</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða			
um verðbréfaþing ehf., breyting		(3.946.501)	(65.466.844)
		<u>(3.946.501)</u>	<u>(65.466.844)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		55.097.863	(55.365.929)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>68.806.676</u>	<u>124.172.605</u>
Handbært fé í árslok		<u>123.904.539</u>	<u>68.806.676</u>

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
- b. *Innlausn tekna*
Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2007. Árgjöldin eru 0,05% af 12% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0028% af hreinni eign í árslok 2007.
- c. *Varanlegir rekstrarfjármunir*
Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.
- d. *Eignarhlutir í félögum*
Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2008	2007
Laun	18.803.022	16.371.894
Launatengd gjöld	4.693.870	4.101.754
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>23.496.892</u>	<u>20.473.648</u>
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	1	1

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri	13.644.018
Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar	2.160.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður	870.000
Friðbert Traustason	580.000
Gunnar Þór Baldvinsson	580.000
Gunnar Páll Pálsson	580.000
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	580.000
Þorbjörn Guðmundsson	580.000
Guðrún K Guðmannsdóttir	375.000
Margeir Daníelsson	225.000
Elsa Björk Friðfinnsdóttir	50.000
Ólafur Sigurðsson	50.000
Sigurbjörg Björnsdóttir	50.000
Arnaldur Loftsson	25.000
Jón G. Kristjánsson	25.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	25.000
Stefán A. Halldórsson	25.000

**Skýringar, frh.:****3. Annar rekstrarkostnaður**

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2008	2007
Húsaleiga	1.597.189	1.448.659
Annar húsnæðiskostnaður	298.367	316.764
Pappír, prentun, ritföng	950.478	1.023.641
Símakostnaður	445.140	399.896
Burðargjöld	119.045	123.498
Bækur, blöð og tímarit	203.560	191.022
Aðkeypt þjónusta	8.331.306	7.352.202
Rekstur bifreiðar	2.341.469	1.592.088
Ferðakostnaður	629.296	367.705
Fundir, ráðstefnur, námskeið	1.884.132	1.138.843
Auglýsingar og kynningarkostnaður	668.666	1.276.125
Gott að vita - fræðslusíða	4.196.853	0
Félagsgjöld	875.365	761.117
Styrkir	2.751.015	1.673.760
Annar kostnaður	599.795	423.409
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>25.891.676</u>	<u>18.088.729</u>

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Stofnverð 1.1.2008	<u>1.980.220</u>
Stofnverð 31.12.2008	<u>1.980.220</u>
Afskrifað 1.1.2008	1.779.016
Afskrifað á árinu	<u>25.844</u>
Afskrifað 31.12.2008	<u>1.804.860</u>
Bókfært verð 31.12.2008	<u>175.360</u>
Afskriftahlutföll	33%

Skýringar, frh.:

5. Áhættufjármunir

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða	1,0%	<u>10.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		<u>682.208</u>

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2008	24.416.897	35.061.948	59.478.845
Hagnaður ársins	<u> </u>	<u>53.641.998</u>	<u>53.641.998</u>
Eigið fé 31.12.2008	<u>24.416.897</u>	<u>88.703.946</u>	<u>113.120.843</u>

7. Skuldbindingar

Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 0,9 millj. kr. og greiðist á árinu 2009.

